

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, nr. 467 frá 7. ágúst 1981, sbr. reglugerð nr. 138 frá 6. mars 1984 og reglugerð nr. 119 frá 27. febrúar 1985.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við álagningu útsvara á árinu 1986 telst skilyrði 1. mgr., 3. gr. reglugerðar nr. 467 frá 7. ágúst 1981 fullnægt, þótt útsvar hafi ekki verið innheimt með álagi skv. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73/1980 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 12

7. janúar 1986

AUGLÝSING

um (fjórðu) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, skal afgreiðslutími eftirtalinna lyfjabúða vera sem hér segir:

Apótek Ólafsvíkur	kl.
Mánudaga — föstudaga	10—12:30 og 14—18
Rangár Apótek	
Mánudaga — fimmtudaga	9—12:30 og 14—17:30
Föstudaga	9—12:30 og 14—18:30

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingolf J. Petersen.